

Miðvikudaginn 7. febrúar 1996.

Nr. 59/1996.

Ásgeir Lúðvíksson

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

Berthu Þórarinsdóttur

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

Kærumál. Óvígð sambúð. Opinber skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1996, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að fram færu opinber skipti til fjárslita milli hennar og sóknaraðila vegna slita á óvígðri sambúð. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hafnað kröfu varnaraðila um opinber skipti til fjárslita milli málsaðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Opinber skipti til fjárslita milli varnaraðila, Berthu Þórarinsdóttur, og sóknaraðila, Ásgeirs Lúðvíkssonar, skulu fara fram.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1996.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 29. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, var þingfest 18. desember 1995.

Sóknaraðili er Bertha Þórarinsdóttir, kt. 150345-3759, Gnoðarvogi 38, Reykjavík.

Varnaraðili er Ásgeir Lúðvíksson, kt. 240337-4449, Stóragerði 36, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess, að opinber skipti fari fram til fjárslita á milli aðila málsins vegna slita á óvígðri sambúð. Þá krefst hún málskostnaðar að við bættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun auk refsímálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að kröfu sóknaraðila verði hafnað og varnaraðila úrskurðaður málskostnaður úr hendi sóknaraðila að mati dómsins að við bættum virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

II.

Málsaðilar hófu sambúð árið 1974, en varnaraðili skráði þó lögheimilisfang sitt á starfsstöð fyrirtækisins Vísis hf. í Grindavík til 15. ágúst 1990, að hann flutti það í Gnoðarvog 38 hér í borg. Aðilar slitu sambúð á árinu 1994, og flutti varnaraðili lögheimilisfang sitt frá sóknaraðila 31. maí 1995.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að útgerðarfyrirtæki varnaraðila, Vísir hf., hafi eflst mjög á sambúðartíma aðila, en varnaraðili hafi selt fyrirtækið í árslok 1989. Sóknaraðili hafi hins vegar við upphaf sambúðar átt íbúð sína að Gnoðarvogi 38 hér í borg. Varnaraðili hafi á sambúðartímanum keypt fasteignina nr. 7 við Stjörnusteina, Stokkseyri, og þá hafi hann nýlega keypt íbúð að Stóragerði 36 hér í borg. Enn fremur hafi varnaraðili erfð hluta húsnæðis að Kleppsvegi 150-152 eftir föður sinn, áður en til sambúðar stofnaðist. Varnaraðili hafi ekki orðið við ítrekuðum tilmælum um að ganga til samninga um fjárslit vegna sambúðarslitanna þrátt fyrir áskoranir þess efnis og sóknaraðila því nauðugur einn kostur að beiðast opinberra skipta, en hún telji sig eiga kröfur á hendur varnaraðila vegna eignamyndunar á sambúðartímanum.

Varnaraðili reisir kröfur sínar á því, að ekki hafi verið fjárfélag með aðilum, en ljóst sé af 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 og eðli máls, að um fjárslit samkvæmt 100. gr. sömu laga geti ekki verið að ræða, nema fjárfélag hafi verið með þeim, sem skipta krefst, og þeim, er krafan beinist að. Í kröfu sóknaraðila komi fram, að aðilar hafi ekki verið í skráðri sambúð, og þá hafi við þingfestingu málsins verið bókuð yfirlýsing eftir sóknaraðila um, að málsaðilar hafi ekki talið fram saman. Loks sé upplýst, að varnaraðili hafi

átt lögheimilisfang í Grindavík til 15. ágúst 1990, en á heimili sóknaraðila frá þeim tíma til 31. maí 1995. Sameiginlegt heimilisfang sé á hinn bóginn hvorki sönnun að fjárfélagi né leiði það líkur að því. Auk þess leggi varnaraðili einnig sérstaka áherslu á, að samkvæmt skýrum og ótvíræðum ákvæðum 1. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 taki þau lög ekki til óvígðrar sambúðar, og séu fræðimenn sammála um, að þeim verði ekki beitt með lögjöfnun um slíka sambúð. Til þess að fjárfélag stofnist með sambúðarfólki, þurfi því að vera um sameiginlega eignamyndun að ræða.

IV.

Úrlausn í máli þessu lýtur einvörðungu að því, hvort skilyrðum 100. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. sé fullnægt, þannig, að krafa sóknaraðila um opinber skipti til fjárslita milli aðila nái fram að ganga.

Samkvæmt fyrrnefndri lagagrein getur sambúðarfólk, annað þeirra eða þau bæði, krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra, hafi þau búið saman að minnsta kosti tvö ár. Óumdeilt er, að málsaðilar voru í sambúð um tuttugu ára skeið, frá árinu 1974 til ársins 1994. Er því fullnægt lagaskilyrðum til þess, að krafa sóknaraðila um opinber skipti til fjárslita á milli aðila verði tekin til greina. Við eftirfarandi skiptameðferð mun hins vegar meðal annars reyna á, hvort fjárfélag hafi stofnast með aðilum og hvernig farið verður með skiptingu eigna og skulda samkvæmt ákvæðum XIV. kafla skiptalaga.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfu sóknaraðila um opinber skipti til fjárslita milli aðila til greina.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðili úrskurðaður til að greiða sóknaraðila málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn 25.000 kr. án virðisaukaskatts, en eigi þykja efni til að úrskurða varnaraðila til greiðslu refsismálskostnaðar, svo sem sóknaraðili krefst.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Tekin er til greina krafa sóknaraðila, Berthu Þórarinsdóttur, að opinber skipti fari fram á búi hennar og varnaraðila, Ásgeirs Lúðvíkssonar, vegna slita á óvígðri sambúð.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 25.000 kr. í málskostnað.